

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

Fundurinn fór fram í fjarfundi á Teams og hófst hann kl. 15:45.

Fundinn sátu fh. FG: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, Anna Rós Sigmundsdóttir, Guðjón Ágúst Gústafsson og Guðrún Erlingsdóttir. F.h. SNS Harpa Ólafsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir, Ellisif Tinna Víðisdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

Dagskrá:

1. Breyting laga um foreldra- og fæðingarorlof og áhrif lengingar á fæðingarorlofi á samkomulag milli aðila um tilhögun fæðingaorlofs kennara.

Sérstakt samkomulag er í gildi um hvernig fara skuli með útreikning á réttindaávinnslu, launum kennara og endurkomu þeirra í starf að loknu fæðingarorlofi. Samkomulagið og framkvæmd þess miðast meðal annars við ákvæði kjarasamnings og lög um foreldra- og fæðingarorlof. Breyting á lögum um foreldra- og fæðingarorlof sem tók gildi þann 1. janúar felur í sér að foreldrar eiga nú sjálfstæðan rétt til fæðingarorlofs í allt að sex mánuði hvort um sig vegna fæðingar, frumættleiðingar barns eða töku barns í varanlegt fóstur. Þrátt fyrir framangreint er foreldri þó heimilt að framselja sex vikur af sjálfstæðum rétti sínum til hins foreldris. Til umfjöllunar er hvort og þá hvaða áhrif þessar breytingar hafa á framkvæmd samkomulags um tilhögun fæðingarorlofs kennara og ákvæði kjarasamnings um réttindaávinnslu í fæðingarorlofi.

Niðurstaða:

Málið rætt, afgreiðslu frestað.

Enginn önnur mál, fundi slitið klukkan 16:35.